



Skýrsla starfskjaranefndar

Festi hf.

Starfsárið 2024 - 2025

Festi hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogi
kt. 540206-2010

Tilgangur:

Tilgangur starfskjaranefndar Festi hf. er að vera stjórn til aðstoðar og gera störf hennar skilvirkari, með því að fjalla nánar og í smærri hóp um starfskjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda félagsins og dótturfélaga.

Umboð:

Hluthafar setja féluginu starfskjarastefnu sem kemur til afgreiðslu á aðalfundi ár hvert. Starfskjaranefnd Festi hf. starfar í umboði stjórnar félagsins. Stjórn setur nefndinni starfsreglur og ber ábyrgð á störfum hennar.

Skipan:

Samkvæmt starfskjarastefnu Festi hf. skal stjórn félagsins skipa þrjá aðila til setu í nefndinni og skulu þeir allir vera óháðir féluginu. Í starfskjaranefnd má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Þá skal haft að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda.

Á aðalfundi sem haldinn var þann 6. mars 2024 fór fram stjórnarkjör í Festi hf. Á stjórnarfundi sem haldinn var þann sama dag samþykkti nýkjörin stjórn að Guðjón Reynisson, Hjörleifur Pálsson og Margrét Guðmundsdóttir tækju sæti í starskjaranefnd og að Hjörleifur Pálsson yrði formaður nefndarinnar. Starfskjör nefndarinnar fara eftir ákvörðun aðalfundar 2024.

Hlutverk og ábyrgðarsvið:

Helstu verkefni nefndarinnar eru að undirbúa tillögur stjórnar til aðalfundar Festi hf. um starfskjarastefnu og stjórnar- og nefndarlaun, gefa álit á tillögum um kaupauka- og kaupréttarkerfi, hafa eftirlit með starfs- og launakjörum forstjóra og framkvæmdastjórnar og því að starfskjör séu almennt gagnsæ, samkeppnishæf og í samræmi við starfskjarastefnu félagsins hverju sinni.

Starfsreglur:

Í upphafi starfsársins voru í gildi starfsreglur starfskjaranefndar sem stjórn Festi hf. hafði samþykkt þann 26. október 2022. Er í reglunum nánar kveðið á um hlutverk nefndarinnar, skipan og samsetningu hennar, fyrirkomulag funda, heimildir, aðgang að gögnum og trúnaðarskyldu.

Starfskjaranefnd yfirför starfsreglur nefndarinnar á fyrsta fundi starfsársins þann 3. apríl 2024. Í ljósi samþykktar aðalfundar félagsins á kaupréttaráætlunum þann 6. mars 2024 taldi nefndin rétt að gera tillögu til stjórnar um aðlögun starfsreglnanna með tilliti til þess þáttar og eftirlitshlutverks nefndarinnar varðandi úthlutun kaupréttu og að kaupréttir á hverjum tíma væru innan þeirra heimilda sem aðalfundur hefði samþykkt og fram kæmu í samþykktum kaupréttaráætlunum. Samhliða voru lagðar til aðrar smávægilegar breytingar á starfsreglunum til að samræma þær betur verklagi nefndarinnar. Var þess sérstaklega gætt að breytingarnar samræmdust efni starfskjarastefnu félagsins.

Stjórn Festi hf. samþykkti breyttar starfsreglur starfskjaranefndar, í samræmi við tillögu nefndarinnar þar að lútandi, á fundi þann 23. apríl 2024 og eru þær hjálagðar með skýrslu þessari.

Starfsáætlun:

Starfskjaranefnd starfaði eftir starfsáætlun sem kom til umfjöllunar og afgreiðslu á fyrsta nefndarfundi starfsársins sem haldinn var þann 3. apríl 2024. Starfsáætluninni er ætlað að aðstoða nefndina við að skipuleggja vinnu sína með það að markmiði að hún sinni hlutverki sínu í samræmi við starfsreglur og góða stjórnarhætti. Starfsáætlunin er leiðbeinandi en ekki afmarkandi og er fyrst og fremst ætlað að styðja við faglegt starf nefndarinnar.

Fundir ársins og helstu verkefni:

Til að rækja hlutverk sitt hélt nefndin sex fundi á starfsárinu.

Á fyrsta fundi nefndarinnar, 3. apríl 2024, var starfsáætlun starfskjaranefndar fyrir starfsárið samþykkt auk þess sem starfsreglur nefndarinnar voru yfirfarnar og ákvörðun tekin um að leggja fyrir stjórn tillögu að nánar tilgreindum breytingum þeirra. Þá samþykkti starfskjaranefnd að leggja fyrir stjórn félagsins tillögu að úthlutun kaupréttu samkvæmt kaupréttaráætlunum sem samþykktar voru á aðalfundi 2024.

Á öðrum fundi, 31. maí 2024, komu til umfjöllunar málefni sem ltu að störfum og starfssviði nefndarinnar, stjórnendaábyrgðartryggingu, vinnustaðamenningu innan samstæðunnar sem og fríðindum starfsfólks.

Á þriðja fundi, 24. október 2024, fór nefndin yfir starfskjarastefnu og viðmið fyrir kaupaukaáætlun 2025. Þá fór nefndin yfir stöðu útgefinna kaupréttu með tilliti til samþykktu kaupréttaráætlana og starfskjarastefnu og samþykkti auk þess að leggja fyrir stjórn tillögu að úthlutun kaupréttu til nánar tilgreindra stjórnenda og lykilstarfsmanna samstæðunnar.

Á fjórða fundi, 20. nóvember 2024, var farið yfir vinnustaðagreiningu og stjórnendamat jafnframt því sem fjallað var um leiðtogaþjálfun og málefni á svíði jafnlaunavottunar og jafnréttis. Einnig var farið yfir og rætt um launatölfræði, launa- og staðgenglaáætlun, greiningar á starfskjörum æðstu stjórnenda og samanburð við markaðskjör. Þá var samþykkt að leggja fyrir stjórn tillögu að árangurstengdum viðmiðum fyrir forstjóra og framkvæmdastjórn vegna ársins 2025.

Á fimmta fundi, 15. janúar 2025, fór nefndin yfir tillögur um launabreytingar framkvæmdastjórnar og kaupauka vegna ársins 2024. Jafnframt því fjallaði nefndin um starfskjarastefnu og samþykkti að leggja fyrir stjórn tillögu um að hún skyldi lögð óbreytt fyrir aðalfund 2025 til samþykktar. Að lokum yfirfór nefndin greiningar á þróun stjórnar- og nefndarlauna og tók málefnið að öðru leyti til umræðu.

Á sjötta og síðasta fundi starfsársins, 29. janúar 2025, staðfesti nefndin að kaupaukar vegna ársins 2024 væru innan heimilda starfskjarastefnu og í samræmi við viðmið. Jafnframt því gerði nefndin tillögu um þóknun fyrir stjórnar- og nefndarstörf fyrir starfsárið 2025/2026 til stjórnar til frekari umræðu og afgreiðslu í aðdraganda aðalfundar 2025. Þá kom til umfjöllunar sjálfsmat á störfum nefndarinnar auk þess sem nefndin fjallaði um skýrsludrög til stjórnar um framkvæmd starfskjarastefnu.

Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda í ársreikningi 2024:

Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda fyrir vinnu þeirra í þágu samstæðunnar og nafnverð hlutabréfa í þeirra eigu eru tilgreind með eftirfarandi hætti í drögum ársreiknings fyrir árið 2024:

		Árangurs-	Nafnverð
2024	Laun	Hlunnindi	hluta í árslok
Stjórn			
Guðjón Karl Reynisson, stjórarformaður.....	12.047		609.391
Sigurlína Ingvarsdóttir, varaformaður.....	8.875		
Guðjón Auðunsson, stjórmarmaður.....	5.264		
Hjörleifur Pálsson, stjórnarmaður.....	7.344		40.000
Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarmaður.....	5.946		178.014
Magnús Júlíusson, fv. stjórnarmaður.....	1.102		45.000
Lykilstjórnendur			
Ásta S. Fjeldsted, forstjóri.....	58.864	5.670	14.700
Sex framkvæmdastjórar.....	198.103	16.801	38.711
Þrír fyrverandi framkvæmdastjórar.....	81.303	4.921	8.412
Samtals.....	378.848	27.392	61.823
			1.469.340

Í ársreikningi 2024 eru árangurstengdar greiðslur fyrir árið 2023 en laun og hlunnindi fyrir árið 2024.

Kaupaukar vegna rekstrarársins 2024, sem munu birtast í ársreikningi 2025, verða eftirfarandi:

Forstjóri mun fá ígildi þriggja mánaðarlauna, sex framkvæmdastjórar ígildi 16,99 mánaðarlauna samtals og einn fyrrverandi framkvæmdastjórar ígildi 1,5 mánaðarlauna.

Tillaga starfskjaranefndar til stjórnar um þóknun stjórnar- og nefndarmanna starfsárið 2025/2026:

Um starfskjör stjórnar- og nefndarmanna er fjallað í 3. gr. starfskjarastefnu Festi hf. Er þar mælt fyrr um í 2. mgr. að fyrir aðalfund ár hvert skuli stjórn félagsins leggja fram tillögu um þóknun stjórnar og nefndarmanna fyrir komandi starfsár, byggt á umsögn starfskjaranefndar, og skuli í þeim efnun taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, sérþekkingu þeirra og reynslu, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, afkomu félagsins og markmiðum starfskjarastefnunnar. Þá skal við slíka tillöguggerð hafa til hliðsjónar almenna launaþróun fyrir liðið ár, þróun launavísitölu fyrir liðið ár og launabreytingar hjá stjórnendum samkvæmt almennum launakönnunum eða Hagstofu Íslands fyrir liðið ár, en tilgreind viðmið voru tekin upp í starfskjarastefnu félagsins samkvæmt samþykkt aðalfundar 2024.

Samkvæmt upplýsingum sem birtar voru á vef Hagstofu Íslands þann 22. janúar 2025 hefur launavísitalan hækkað um 6,4% síðastliðna tólf mánuði og vísitala grunnlauna um 6,5% á sama tímabili. Samkvæmt upplýsingum sömu stofnunar frá því í október 2024 nam ársbreyting vísitölu grunnlauna starfsmanna á almennum vinnumarkaði 6,9%, stjórnenda 5,7%, sérfræðinga 6,8% og þjónustu-, sölu og afgreiðslufólks 7,6%. Þá var almenn hækjun launaþróunar innan félaga samstæðu Festi á bilinu 6,3% - 11,7% fyrir liðið ár.

Á grundvelli starfskjarastefnu félagsins, sbr. einnig fyrrgreind sjónarmið og viðmið, er tillaga starfskjaranefndar til stjórnar um stjórnar- og nefndarlaun fyrir starfsárið 2025/2026 svohljóðandi:

a. Tillaga um þóknun stjórnarmanna.

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun til stjórnarmanna fyrir starfsárið 2025/2026 verði eftirfarandi:

- Stjórnarmaður fái kr. 920.000 á mánuði
- Varafarmaður stjórnar fái kr. 690.000 á mánuði
- Aðrir stjórnarmenn fái kr. 460.000 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun stjórnarmaðurs og stjórnarmanna hækkar um 7,0% frá fyrra starfsári en þóknun varafarmaðurs stjórnar um 7,8%.

b. Tillaga um þóknun nefndarmanna í starfskjaranefnd.

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun til nefndarmanna starfskjaranefndar fyrir starfsárið 2025/2026 verði eftirfarandi:

- Formaður fái kr. 140.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 75.000 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun formanns starfskjaranefndar hækkar um 7,7% frá fyrra starfsári en þóknun annarra nefndarmanna um 7,1%.

c. Tillaga um þóknun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun til nefndarmanna endurskoðunarnefndar fyrir starfsárið 2025/2026 verði eftirfarandi:

- Formaður fái kr. 225.000 á mánuði

- Aðrir nefndarmenn fái kr. 115.000 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun formanns endurskoðunarnefndar hækkar um 7,1% frá fyrra starfsári en þóknun annarra nefndarmanna um 9,5%.

d. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar fyrir starfsárið 2025/2026 verði eftirfarandi:

- Formaður fái kr. 180.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 140.000 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun formanns tilnefningarnefndar hækkar um 5,9% frá fyrra starfsári en þóknun annarra nefndarmanna um 7,7%.

e. Tillaga um þóknun fyrir setu í fjárfestingarráði.

Stjórn leggur til, á grundvelli umsagnar og tillögu starfskjaranefndar, að þóknun fyrir setu í fjárfestingarráði á starfsárinu 2025/2026 verði eftirfarandi:

- Formaður fái kr. 105.000 á mánuði
- Ráðsmaður fái kr. 75.000 á mánuði

Tillaga felur í sér að þóknun formanns fjárfestingarráðs hækkar um 5% frá fyrra starfsári en þóknun ráðsmanns um 7,1%.

Viðmið vegna kaupauka fyrir fjárhagsárið 2025:

Kaupauki sem forstjóri og sjö framkvæmdastjórar geta áunnið sér á fjárhagsárinu 2025 er að hámarki þrenn mánaðarlaun. Í samræmi við efni greinar 7.1 í starfskjarastefnu Festi hf. lúta árangursviðmið samkvæmt kaupaukaáætlun annars vegar að fjárhagslegum markmiðum (EBITDA og arðsemi eigin fjár) og hins vegar að ófjárhagslegum markmiðum. Í samræmi við efni 6. mgr. í grein 7.1. í starfskjarastefnumanni hefur starfskjaranefnd lagt tilgreind árangursviðmið fyrir stjórn til endanlegrar afgreiðslu en að mati nefndarinnar eru þau innan þess ramma sem markaður er í starfskjarastefnu félagsins.

Kaupréttaráætlanir – úthlutun kaupréttta:

Á aðalfundi Festi hf. sem fram fór þann 6. mars 2024 voru samþykktrar tvær kaupréttaráætlanir, þ.e. annars vegar fyrir allt fastráðið starfsfólk samstæðunnar og hins vegar fyrir forstjóra og stjórnendur.

Stjórn tók ákvörðun um veitingu kaupréttta samkvæmt tilgreindum kaupréttaráætlunum á fundum 23. apríl og 30. október 2024 en áður hafði starfskjaranefnd gert tillögu til stjórnar þar að lútandi í samræmi við efni kaupréttaráætlana. Samkvæmt gildandi starfsreglum fjallaði nefndin einnig um og veitti stjórn aðra aðstoð varðandi kaupréttarsamninga og hafði eftirlit með því að úthlutun kaupréttta væru innan heimilda aðalfundar, samþykktra kaupréttaráætlana og samþykkta stjórnar.

Annað:

Engir sérstakir annmarkar komu fram við störf nefndarinnar á starfsárinu. Hún hafði eðlilegan aðgang að gögnum og átti í góðu samstarfi við stjórn, forstjóra og aðra stjórnendur.

Við teljum að við höfum rækt þær skyldur sem á okkur eru lagðar af hluthöfum og stjórn og með því stutt við markmið í starfskjarastefnu félagsins um að styðja við framtíðarsýn félagsins um áframhaldandi sókn þar sem gildi þess eru höfð að leiðarljósi.



Kópavogi, 2. febrúar 2025.

Í starfskjaranefti Festi hf.

Hjörleifur Pálsson
Hjörleifur Pálsson, formaður

Guðjón Reynisson
Guðjón Reynisson

Margrét Guðmundsdóttir
M. Guðmundsdóttir